

Alþingi
Erindi nr. P 140/2287
komudagur 7. 5. 2012

athugasemdir við Rammaáætlun

Hrafnhildur Hannesdóttir [hrafnha@hi.is]

Sent: 7. maí 2012 22:16

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Ég, Hrafnhildur Hannesdóttir, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk og tel að það eigi heima í verndarflokki. Svæðið er við rætur höfuðborgarinnar og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn.

Jarðfræði Reykjanes er einstök á heimsmælikvarða og hefur ekki verið gert nógu hátt undir höfði. Reykjanesfólkvangur er rós í hnappagat umhverfisverndar á landinu, en svæðið ætti að vera friðað að fullu. Ég vil sjá Eldfjallapjóðgarð á Reykjanesi, en hann gæti dregið að sér ógrynni fróðleiksfúsra ferðamanna, jafnt íslenska sem erlenda, og myndi tryggja varðveislu hinnar einstæðu náttúru svæðisins um ókomna framtíð. Sambærilegur eldfjallagarður á Hawaii laðar árlega að milljónir gesta sem verða að ferðast flugleiðis í að minnsta kosti 5 klukkustundir og greiða fúlgur fjár fyrir. Það er engin ástæða til að eldfjallagarður á Reykjanesi gæti ekki orðið jafnvel heppnaður og eldfjallagarðurinn á Hawaii. Að auki er Ísland nánast í alfaraleið milli Evrópu og N-Ameríku.

Sú orkunýting sem fyrirsjáanleg er á Reykjanesi gengur í berhögg við stefnu ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun og væri í raun skref aftur á bak í umhverfisverndarmálum á Íslandi. Að auki veldur nýting svæðanna loftmengun og vandkvæðum við förgun affallsvatns.

Virðingarfyllst,
Hrafnhildur Hannesdóttir